

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10A
150 Reykjavík

Reykjavík 10. maí 2019

Efni: Fjármálaáætlun 2020–2024, 750. mál, 149. löggjafarþing 2018–2019

Neytendasamtökin hafa rekið Leigjendaaðstoðina frá 2011 með þjónustusamningi við velferðarráðuneytið. Um er að ræða gríðarlega mikilvæga þjónustu fyrir leigjendur á Íslandi í formi lögfræðiaðstoðar. Aðstoðin felst einkum í upplýsingagjöf til leigjenda, en einnig í milligöngu og aðstoð við leigjendur við að ná fram réttindum sínum gagnvart leigusólum og aðstoð við að útbúa kærur til kærunefndar húsamála sé um fordæmismál að ræða. Samtökin halda einnig úti upplýsingaveitunni leigjendur.is. Staða leigjenda gagnvart leigusólum er oft veik og eftirspurn eftir þjónustu Leigjendaaðstoðarinnar er mikil og fer vaxandi. Fyrir liggja ítarlegar ársskýrslur um þessa starfsemi sem sýna fram á umfang hennar og mikilvægi.

Framlag ráðuneytisins dugir engan veginn til að sinna mikilvægri þjónustu og ört vaxandi eftirspurn eftir henni. Neytendasamtökin óska því eftir auknu fjármagni til reksturs Leigjendaaðstoðarinnar. Samtökin hafa um alllangt skeið óskað eftir að fá aukin framlög vegna þessarar mikilvægu þjónustu en í ár er framlag ríkisins einungis 5.000.000 kr.

Samtökin hafa ævinlega gætt að því að þjónustan falli aldrei niður vegna orlofs, álags eða veikinda. Í samræmi við eftirspurn eftir þjónustunni hafa samtökin metið það svo að kostnaður við að halda úti þjónustunni nemi að minnsta kosti tólf milljónum króna og þannig hafa samtökin í raun niðurgreitt aðstoð við leigjendur. Þess má geta að árið 2017 leituðu 2.362 leigjendur til samtakanna og um fimmtungur þeirra er erlendir ríkisborgarar. Sá hópur er oft í afar viðkvæmri stöðu og þarf sértækar ráðleggingar, ekki síst í tilfellum þar sem vinnuveitendur hafa milligöngu um húsnæði.

Í krafti reynslu sinnar, starfsemi og þekkingar eru Neytendasamtökin vel til þess fallin að veita þjónustu við leigjendur, hér eftir sem hingað til. Aðstoð við leigjendur fer vel saman við starfsemi Neytendasamtakanna og þar eru ákveðin samlegðaráhrif sem eykur hagræði og skilvirkni þjónustunnar. Fjárframlag sem ríkið setur í þessa aðstoð við leigjendur er hins vegar í engu samræmi við mikilvægi málaflokksins. Samtöl forsvarsmanna Neytendasamtakanna við velferðarráðuneytið hafa hingað til litlu skilað og fara Neytendasamtökin þess því á leit við fjárlaganefnd að Leigjendaaðstoðin veiti 7.000.000 kr. framlag af fjárlögum fyrir fjárlagaárið 2019 til viðbóta framlagi ráðuneytisins. Fulltrúar Neytendasamtakanna eru reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar og gera frekari grein fyrir máli þessu, sé þess óskað.



Breki Karlsson, formaður



Brynhildur Pétursdóttir, frkv.stjóri